

Hreinn Ólafsson

Ákvarðanir 39/2024-40/2024

Ár 2024, mánudaginn 21. október, var fundur haldinn í kjaranefnd Reykjavíkurborgar (hér eftir KNR) þar sem fyrir var tekið:

Afturköllun og endurákvörðun viðbótareininga í samræmi við ákvörðun 4/2024 fyrir tímabilið 1. júlí 2016 – 1. júní 2019.

I.

Skv. gr. 2.1. og 2.2 í núgildandi verklagsreglum KNR ákvarðar nefndin grunnlaun kjaranefndarraðaðs stjórnanda hjá Reykjavíkurborg fyrir dagvinnu sem og fastar mánaðarlegar greiðslur í formi eininga, viðbótarlaun, fyrir yfirvinnu og ótímabundið álag sem starfi hans fylgja. Viðbótareiningum er þannig ætlað að umbuna fyrir álag í starfi sem ekki er tekið tillit til í grunnröðun.

Með ákvörðun nr. 4/2024 frá 14. júní sl. endurákværðaði KNR í meginatriðum um tvennt: heildarendurskoðun á efnislegu innihaldi viðbótareiningakerfisins annars vegar og gildistöku viðbótareiningakerfisins hins vegar. Hvað varðar viðbótareiningakerfið þá staðfesti KNR það efnislega óbreytt frá ákvörðun nr. 3/2020 að öðru leyti en því að gildistaka viðbótareiningakerfisins miðast við 1. júlí 2016 í stað 1. júní 2019.

II.

Með vísan til 13. gr. stjórnsýslulaga, var stjórnendum gefinn kostur á að nýta andmælarétt sinn, bæði hvað varðar fyrirhugaða ákvörðun um afturköllun ákvörðunarinnar og, yrði hún afturkölluð, þá fyrirhugaða nýja ákvörðun sem kæmi í hennar stað. Óskað var eftir andmælum í einu lagi um báðar fyrirhugaðar ákvarðanir. Andmælafrestur var fjórtán dagar. KNR hefur farið ítarlega yfir andmæli sem bárust.

KNR hefur ákveðið að taka fyrir tvær ákvarðanir í einu þar sem hin seinni er tekin í framhaldi af fyrri. Um er að ræða ákvörðun um afturköllun ákvörðunar nr. 32/2020 annars vegar og ákvörðun um endurákvörðun ákvörðunar nr. 32/2020 hins vegar.

ÁKVÖRÐUN NR. 39/2024 UM AFTURKÖLLUN ÁKVÖRÐUNAR NR. 32/2020

KNR hefur á fundi sínum í dag tekið fyrir ákvörðun um afturköllun og endurákvörðun ákvörðunar nr. 32/2020

Ákvörðunarorð

KNR afturkallar ákvörðun nr. 32/2020

ÁKVÖRÐUN NR. 40/2024 UM ENDURÁKVÖRÐUN ÁKVÖRÐUNAR NR. 32/2020

Í framhaldi af ákvörðun KNR um að afturkalla ákvörðun nr. 32/2020 liggur fyrir nefndinni að taka nýja ákvörðun í stað hennar.

Ákvörðunarorð

Ákvörðunarorð endurákvörðunar nr. 40/2024 eru svohljóðandi:

Starfi fjármálastjóra reiknast eftirfarandi fjöldi viðbótareininga:

Viðmið	Stig	Vægi
Setuskylda stjórnanda í ráðum og nefndum	20	40%
Fjöldi næstu undirmanna	10	20%
Umfang	20	5%
Orðsporsáhætta	20	35%
Heildareiningafjöldi	18	

Starfi fjármálastjóra skulu ákvarðaðar alls 18 viðbótareiningar á mánuði fyrir tímabilið frá júlí 2016 til og með maí 2019. Til frádráttar koma áður greiddar einingar fyrir tímabilið. Mismunur á ákvörðuðum heildareiningafjölda og áður greiddum einingum greiðist skv. núgildandi launatöflu KNR.

Ólafur Darri Andrason

Erna Guðmundsdóttir

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir